

LISTIR

Ég mála

Það er búið að hengja upp megnið af myndum Francesco Clementes þegar blaðamaður kemur á Kjarvalsstaði, ein sextíu verk. Clemente situr flötum beinum á gólfinu, sköllóttur með hvítt sitt skegg. Útlitið á vel við þegar slíkur meistari í málalist síðustu áratuga á í hlut. Seinna kemur í ljós að hann er með bleikan eyrnalokk í báðum eyrum.

Francesco Clemente er þekktur sem einn af upphafsmönnum endurreisnar málverksins, sem kom fram á niunda áratugnum. Hann hóf feril sinn sem hugmyndalista- maður á Ítalíu og hélt sína fyrstu einkasýningu í Róm árið 1971. Í lok áttunda áratugarins fór hann að mála og hlotnaðist þá fljótt alþjóðleg viðurkenning. Verk hans voru sýnd á helstu samsýningum þess tíma, svo sem Fenejvatværingnum árið 1980 og Documenta 7 í Kassel og Zeitgeist í Berlín árið 1982.

Clemente ferðaðist til Indlands í fyrsta skipti árið 1973 og hefur síðan dvalist þar löngum stundum, en hann á jafnframt aðsetur í New York og á Ítalíu. Ferðalög vitt og breitt um heiminn hafa verið stór hluti af tilveru hans.

Verk síðustu fjögurra ára

Hann er ljúfur í viðkyrningu og yfirvegaður. Segir dagsbirtuna í salnum á Kjarvalsstöðum henta myndum sínum vel.

Svo þetta eru ný verk?

„Já, verkin á sýningunni hér eru unnin á árunum 2000–2004, ný verk þýðir sem sagt á síðustu fjórum árum. Árið 1999 var stór yfirlitssýning á verkum mínum í Guggenheim-safninu í New York. Öll þessi verk eru gerð eftir þá sýningu.“

Eru þau öðruvísi en þau sem sýnd voru þar?

Francesco Clemente er einn virtasti myndlistarmaður sinnar kynslóðar. Ný verk úr fórum hans koma fyrir augu Íslendinga á morgun, þegar sýningin Ný verk verður opnuð á Kjarvalsstöðum. Inga María Leifsdóttir gekk einn hring um salinn í hans fylgd.

„Þegar maður eldist áttar maður sig á hve gott það er að eldast með einhverju sem maður hefur ekki fullkomin tök á. Einhverju sem kemur manni alltaf á óvart,“ segir Francesco Clemente um aðferð sína í myndlist – málalalista.

„Nei, það sem ég geri er í sífeldri þróun, einskonar vefnaður frumatriða sem koma fyrir og hverfa út gegnum tíðina. Það er áframhald og líka niðurbrot, hlé milli eins atríðis og þess næsta í verkunum.“

Og þú málar, augljóslega?

„Ég mála.“ Hann hlær. „En ég nota margar ólíkar aðferðir. Á þessari sýningu eru málverk, akvarellur og pastelmyndir.“

En þú byrjaðir ekki sem málari?

„Fyrstu verk mín voru teikningar og ljósmyndir og áttu rætur í hugmyndalístinu. Á síðustu árum áttunda áratugarins fór að bera meira á málverkum hjá mér. Þau fyrstu voru sjálfsmýndir.“

Ertu sjálfur ennþá efniviður í málverkunum?

„Nei, á þessari sýningu, eins og þú sérð, hefur líkaminn yfirgefið staðinn, en það er augljóst að það var líkami þar. Hann hefur bara yfirgefið svæðið um stund.“

Þú ert innblásinn af mörgum mismunandi hlutum?

„Mismunandi stöðum. Ég hef

tileinkað mér einskonar flökkunálgun að vinnu minni (nomadic), ég ferðast ekki bara um mismunandi aðferðir í listsköpun, heldur einnig til ólíkra staða. Stærstur hluti verka minna er gerður einhvers staðar milli New York og Suður-Indlands. Og sumt er gert í Evrópu.“

En þú ert fæddur á Ítalíu?

„Ég ólst upp í Napólí, já.“

Kemur heimaland þitt fram í verkum þínum?

„Já, líklega á þann hátt að mér finnst ekki að málverk geti verið of fagað.“

Finnst þér málverkið ennþá eiga erindi í listsköpun?

„Ég held að það sé ekki höfundsmálið. Málið er að myndlistarmaðurinn hafi ákveðinn þanka-gang. Aðferðin er einugis það sem hver og einn hefur tök á. Það vill líka svo til að mér leiðist fyrir framan sjónvarp, ég vil frekar sitja fyrir framan hlut.“

En margir hafna málverki einfaldlega á þeirri forsendu að það sé málverk.

„Þegar maður eldist áttar mað-

ur sig á hve gott það er að eldast með einhverju sem maður hefur ekki fullkomin tök á. Einhverju sem kemur manni alltaf á óvart.“

Áttu þá við strigann eða pappírinn í þessu samhengi?

„Já, ef þú tekst á við það kemur alltaf að því á einhverjum punkti að þú þurfir að gefa upp stjórna. Og það eru mikil forréttindi.“

Ólíkir miðlar á ólíkum stöðum

Þú notast við margskonar tækni, olíu, vatnsliti og pastelíti?

„Já, það kemur af sjálfu sér þar sem ég ferðast svo mikið. Það er til dæmis auðveldara að ferðast með vatnsliti. Þegar ég vinn í stúdíóinu mínu í New York vinn ég málverkin.“

Svo þú málar á ferðalögum þínum?

„Já, freskurnar mínar eru gerðar á Ítalíu og vatnslitamyndirnar eru gerðar á heitu og röku svæði. Hvaða aðferð ég vel hefur líka mikið að gera með veðurfar á hverjum stað. Það er auðveldara að vinna vatnsliti á heitum og rökum stöðum, því þá hef ég meiri

tíma en ella. Freskurnar eru gerðar á Ítalíu vegna loftslagsins og ljóssins þar, sem hentar vel. Ólfmyndirnar eru gerðar í New York, ekki síst vegna tengsla þeirrar borgar við málarahefðina, sem hefur alltaf verið svo rík þar.“

En hvert ferðu héðan?

„Ég er á leið aftur til New York, en svo fer ég aftur til Indlands, þar sem ég var líka allan febrúar og mars.“

Hvað er það við Inland sem heillaði þig svo mjög í upphafi?

„Það er sú innhverfa lífssýn sem ríkir þar. Sem er sama sýn og ég hef á að skapa myndlist. Ég hef ekki svo mikinn áhuga á hlutunum útávið, fremur hvernig ég geti hlaðið inn í verk mín. Á vissan hátt er það öfugt við það sem okkur er kennt, að útiloka svo margt frá reynslu okkar og orðaforða. Ég reyni að vinna svoltið gegn þeirri þróun.“

Inland og New York hljóta að vera ólíkir staðir?

„Já, ef New York hefur glerveggi alls staðar er allt beint framan í þér á Indlandi.“ Hann hlær.

Og þú vilt gjarnan blanda þessum ólíku heimum?

„Já, vegna þess að við erum öll annaðhvort túristar eða flóttamenn – við erum öll landflóttar. Ég get rétt eins gert tækni úr því, þessari tilfinningu að „tilheyra“ hvergi.“

Hefur þú ákveðið að gera eitt-hvað sérstakt á meðan þú ert staddur á Íslandi?

„Ég vil ganga á landinu. Og ég vakti alla nóttina um daginn.“

Var það vegna birtunnar?

„Það var góður félagsskapur og góð birta.“

Sýning Francesco Clementes, Ný verk, verður opnuð á Kjarvalsstöðum á morgun kl. 15. Hún verður opin til 22. ágúst.


ingamaria@mbl.is

leika“ og nýbreytni. Hún túlki margbreytilega konu þannig að áhorfandinn upplifi á sama tíma margar persónur, margar aðstæður og ólík skapbríði.

Hlé gert á sýningum í Skemmtihúsi

Leiksýningin sem var frumsýnd í París 8. febrúar 2003 hefur verið á fjölnum víða í París og nágrenni í rúmt ár og gengið vel. Á frönsku heitir hún „La Saga de Guðridur“ og undir því nafni var hún frumsýnd í Skemmtihúsinu í ágúst í fyrra í lengri gerð. Í sömu vikunni í ágúst var verkið leikið í Skemmtihúsi á ensku, frönsku og þýsku en jafnframt í Króatíu í útileikhúsum þar. Leikkonurnar í þessum sýningum auk Solveigar Simha voru Þórunn E. Clausen og Valdis Arnardóttir.

Í sumar verður gert hlé á sýningum í Skemmtihúsi vegna anna leikstjóra og höfundar, Brynju Benediktsdóttur, en auk annars er hún að undirbúa sýningar á verkinu í Þýskalandi 2005 og útgáfu leikrit-



Ljósmynd/Alexandre Chevallier

Leikkonan Solveig Simha í hlutverki sínu í Ferðum Guðríðar, frönsku útgáfu sýningarinnar.

anna um Guðríði á bók á 5 tungumálum. Einnig eru í undirbúningi sýningar á „frönsku“ Guðríði í haust á Íslandsviku, en þar verður hún ekki beinn þáttakandi í hátíðarhöldunum, heldur eins konar jaðarsýning, að sögn Brynju Benediktsdóttur.

Ferðir Guðríðar í Frakklandi „Blindandi af ferskleika“

FRANSKA dagblaðið, *L'actualité Juive*, lýkur lofsorði á Ferðir Guðríðar sem sýnt var nýverið í l'Aktion leikhúsinu í París, í gagnrýni sem birtist í blaðinu nýlega. Brynja Benediktsdóttir er höfundur verksins og leikstjóri. Með hlutverk Guðríðar fer Solveig Simha, ung leikkona sem er íslensk í aðra ættina og ólst upp í Frakklandi.

„Sagan, sem á erindi við alla, heillar unga sem gamla með framúrskarandi túlkun og heillandi og óvæntri upprifjun á lífi þjóðar sem er horfin á braut, vikinganna,“ segir gagnrýnandi blaðsins.

Leikritið fjallar um ævintýralegt líf Guðríðar Þorbjarnardóttur, sem var fyrsti Evrópuþúinn sem ól barn í hinum nýja heimi – Bandaríkjunum. Gagnrýnandi *L'Actualité Juive* segir að líf Guðríðar komi á óvart, sem og hversu nútímalegar aðstæður hún bjó við. Hún taki sjálfstæðar ákvarðanir um líf sitt, taki virkan þátt í samfélaginu og landkönnunum á hafi úti.

Gagnrýnandinn segir túlkun Solveigar Simha „blindandi af fersk-

Fjölbreytt dagskrá á fimm daga listahátíð

VOR í Árborg nefnist fimm daga lista- og menningarhátíð sem hefst í dag og lýkur á sunnudag. Þetta er í annað sinn sem hátíðin er haldin, sú fyrsta á síðasta ári. Hátíðin hefst með skrúðgöngu við Sigtúnsgarðinn, sem börn á öllum aldri hafa að undanförmu verið að undirbúa. Jórúkorinn syngur á tóninu við Hótel Selfoss og keppt verður í Jórústökki.

Fjöldi tónleika verður í boði, m.a. hátíðartónleikar Karlaórs Selfoss, Dixielandsveifla sýslumanna, Djasskvintett Guðlaugar Ólafsdóttur, gítartónleikar og kirkjutónleikar þar sem norskur gestakór kemur og syngur með kirkjukór Selfosskirkju. Þá stíga unglíngahljómsveitir á svið á Sigtúnslaninu síðdegis á laugardegnum og Stuðmenn og hljómsveitin OFL leika á útitónleikum um kvöldið fyrir alla fjölskylduna. Einnig verður harmonikudansleikur í Hótelinu. Leiksýningar verða bæði fyrir börn og fulloröna og kór Vallaskóla flytur Dimmalimm.

Nýtt safn, Veidisafnið, hefur verið opnað á Stokkseyri, en þar gefst fólki kostur á að skoða uppstoppuð villidýr frá ýmsum heimsálfum og margt ann-

að sem tengist skotveiðum. Drauga-safnið, Húsið, Sjóminjasafnið, Hér- aðsskjalasafnið, Fornbílasetrið og Púríðarbúð verða opin auk þess sem Tónminjasetrið á Stokkseyri verður opið í tilefni hátíðarinnar. Á sunnudag verður afhjúpun minnisvarða um gömlu Rafstöðina á Eyrarbakka við hátíðlega athöfn. Alla dagana verður ganga undir leiðsögn sérfróðra.

Nokkrir einstaklingar á Eyrarbakka opna hús sín og leyfa gestum og gangandi að líta inn. Einnig verður leiðsögn um Tryggvaskála þar sem Skálavínafélagið stendur nú fyrir gagngerum endurbótum. Þá gefst mönnum kostur á að skoða nýtt Þjónustuhús Bygðasafns Árnesinga og kynna sér starfsemina.

Þá verður fjöldi listsýninga í boði, myndlist, ljósmyndir, handverkssýningar og gjörningar. Meðal þeirra sýning Elfars Guðna, Hannes Lársson sýnir verk í búðarglugga, Svandís Egilsdóttir sýnir olíuverk, Ólafur Th. Ólafsson sýnir vatnslitamyndir og einnig Sigurlín Grímsdóttir. Sjöfn Har býður gestum að líta í vinnustofu sína og gallerí Elínborgar Kjartansdóttur á Stokkseyri verður opið.